

**Nd.**

**882. Nefndarálit**

[328. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja hlutabréf ríkissjóðs í Iðnaðarbanka Íslands hf.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið en komst ekki að sameiginlegri niðurstöðu. Meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt, enda verði andvirði hlutabréfanna ráðstafað þannig á árunum 1984 og 1985:

1. Á árinu 1984 verði 6 millj. kr. varið til úttektar og athugana á rekstri fyrirtækja og stofnana á vegum iðnaðarráðuneytis og 5,3 millj. kr. varið til stuðnings við ýmis rannsóknar- og þróunarmál í iðnaði, einkum smáiðnaði, samkvæmt ákvörðun ráðherra.
2. Á árinu 1985 verði fé því sem inn kemur, 4,7 millj. kr., varið til stuðnings við fyrirtæki í smáiðnaði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Alþingi, 14. maí 1984.

Páll Pétursson,  
form., frsm.

Friðrik Sophusson.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Gunnar G. Schram.

Ingvar Gíslason.